

Ár 2014, miðvikudaginn 29. október kom stjórn SSNV saman til fundar kl 13:15 í ráðhúsinu Sauðárkróki.

**Mætt til fundar:** Adolf H. Berndsen, Valgarður Hilmarsson, Sigríður Svavarsdóttir, Stefán Vagn Stefánsson, Unnur Valborg Hilmarsdóttir og Bjarni Jónsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Adolf H. Berndsen formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

**Dagskrá:**

1. Starfsmannamál.
2. Staða framkvæmdastjóra.
3. Almenningssamgöngur – samstarf landshluta.
4. Samning um sóknaráætlun 2015-2019 og úthlutunarreglur uppbyggingarsjóðs- drög
5. Dagur atvinnulífsins 2014.
6. Tilnefning fulltrúa stjórnar SSNV í menningarráð.
7. Fundargerð 22. ársþing SSNV.
8. Bréf og kynntar fundargerðir.
9. Önnur mál.

**Afgreiðslur:**

1. Rætt um starfsmannamál hjá samtökunum. Framkvæmdastjóri greindi frá stöðu starfsmannamála og fór yfir starfið hjá SSNV. Fram kom að Sveinbjörg Pétursdóttir, nýr atvinnuráðgjafi með aðsetur á Hvammstanga tæki til starfa 1. nóvember n.k. Mun hún leysa af hólmi Gudrunu Kloes sem lætur af störfum í nóvemberlok.
2. Framkvæmdastjóri vék af fundi undir þessum lið. Umræða um stöðu framkvæmdastjóra. Samþykkt að framlengja samning við Bjarna Jónsson sem framkvæmdastjóra SSNV til loka nóvember 2014. Stjórn samþykkir að fela formanni að ganga frá framlengingu á samningi um tímabundna ráðningu framkvæmdastjóra.
3. Lagt fram minnisblað frá 2. október um sáttatilraunir vegna ágreinings á milli Eyþings annars vegar og SSV, SSNV og Fjórðungsbings Vestfirðinga (FV) hins vegar um uppgjör á rekstri almenningssamgangna á svæðinu frá Reykjavík til Akureyrar. Einnig lagðir fram minnispunktar frá 10. október þar sem sett er fram hugmynd að lausn á ágreiningi þessum.

V.W 88 4/1  
U.H 1

4. Lögð fram til umsagnar drög að samningi við landshlutasamtök um sóknaráætlun 2015-2019 og úthlutunarreglur vegna styrkja úr uppbyggingarsjóði landshlutans. Framkvæmdastjóra falið að vinna umsagnir um drögin.
5. Framkvæmdastjóri greindi frá undirbúningi að degi atvinnulífsins 2014 sem að þessu sinni fer fram í Skagafirði. Dagskráin mun að öllum líkindum fara fram þriðjudaginn 25. nóvember. Rætt um fyrirkomulag og framkvæmd.
6. Stjórni samþykkir að Adolf H. Berndsen formaður verði aðalmaður í stjórni Menningarráðs og Unnur Valborg Hilmarsdóttir varaformaður verði varamaður.
7. Fundargerð ársþings SSNV haldið í félagsheimilinu á Hvammstanga, 16.-17. október 2014, lögð fram til afgreiðslu og samþykkt.
8. Bréf og kynntar fundargerðir.
  - a. Lagðar fram ályktanir 22. ársþings SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014. Samþykkt að senda þingmönnum NV kjördæmis og ráðherrum ályktanirnar til kynningar. Framkvæmdastjóra jafnframt falið að óska fundar með þingmönnum kjördæmisins til þess að fylgja málum eftir.
  - b. Lagðar fram til kynningar ályktanir fulltrúafundar Landsamtakanna Þroskahjálp, Varmahlíð 17. - 19. október 2014.
  - c. Lagðar fram til kynningar ályktanir ársþings Eyþings, haldið í Þingeyjarsveit 3. og 4. október 2014.
  - d. Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga frá 8. október 2014.
  - e. Lagt fram til kynningar bréf frá LL3 lögmenn Laugarvegi, dags. 13. okt. 2014.
  - f. Lagt fram til kynningar bréf frá Mandat Lögmannsstofa, dags. 24. okt. 2014.
  - g. Lagt fram til kynningar bréf frá Blönduósbae um málefni SSNV, dags. 1. okt. 2014.
9. Önnur mál.
  - a. Fyrir liggur boð frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um að halda námskeið fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórnunum. Samþykkt að leita eftir því að slíkt námskeið verði haldið á NV.
  - b. Rætt um aðgengi að gögnum, heimasíðu og upplýsingamál. Framkvæmdastjóra falið að kanna hvaða leiðir aðrir landshlutar hafa farið í þeim efnum.
  - c. Ákveðið að næsti stjórnarfundur verði haldinn á Blönduósi 4. nóvember.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl 15:10

J. H. Birnly  
Sigríður Skáldassd.  
S. Ó. S.

Sauði Þ. Þorvaldsson  
Valgerð Gíðrún

Ragnar Jon